

10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngri hegning liggja við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið með að hætti opinberra mála.

13. gr.

Með samþykkt þessari er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Vestur-Skaftafellssýslu nr. 66 frá 29. marz 1950.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 26. október 1964.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um umferð á Sauðárkróki.

Að fengnu samþykki bæjarstjórnar Sauðárkróks hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaupstaðnum skv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958:

1. Hámarkshraði.

Hámarkshraði hefur verið ákveðinn 35 km á klst. innan kaupstaðarins. Þó er leyfður 45 km hámarkshraði á klst. á ca. 200 metra köflum yzt á vegum, sem liggja út úr kaupstaðnum.

2. Aðalbrautir.

Ákveðinn hefur verið aðalbrautarréttur á Aðalgötu og Skagfirðingabraut. Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn á Sauðárkróki, 7. október 1964.

Jóh. Salberg Guðmundsson.